

Örvar-Oddur, gullið og vísindin.

„Vísindin eru „humbug“ í samanburði við reynsluna, er oft gerir að engu hrákavef vísindamanna“.

Örvar-Oddur.

Þessi snildaryrði standa í skammdegis-hugleiðingum eftir einhvern, er nefnir sig Örvar-Odd í 58. tbl. Þjóðólfs 1907. Jeg ætla mjer nú auðvitað ekki að fara að verja vísindin gagnvart þessari árás Odds, því að meiri þörf hefði verið á að verja mylnuvængina fyrir spjótslagi Don Quixotes forðum. En á hinu er öll þörf, að finna eitthvað, sem aumingja Oddi gæti verið vörn í; því að þessi árás er miklu hættulegri honum en vísindunum, enda skal nú hjer í grein þessari haldið uppi vörn tyrir Odd, og mun jeg svo launa honum góðgirni sína. Oddur vorkennir íslenskum jarðfræðingum „að hafa fullryt, að hjer gæti ekki fundist gull eða aðrir dýrir málmar“, og er vorkunnsemin altaf virðingarverð, þó að þetta, sem Oddur segir, sje af misskilningi sprottið. Því að líklega mundi enginn jarðfræðingur leyfa sjer jafn fávíslega fullyrðingu eins og þá, að engin ögn af gulli gæti verið í landinu, og jeg fyrir mitt leyti verð að krefjast þess, að menn beri mjer ekki svo bjánalegar fullyrðingar á brýn, ef þeir geta ekki sannað mál sitt. Og það mundi nú líklega verða erfitt.

Gullborunin hefur sýnt, að ágisk-anir mínar, um jarðlög þarna undir grágrýtinu og aldur þeirra, hafa verið nærri sanni, það sem þær náðu. En það skal jeg afdráttarlaust játa, að jeg hafði ekki neitt veður af því að einmitt þarna mundi vera gull í jörðu, og jeg var jafnvel vantrúaður á gullið eftir að sagan um það kom upp. Þar skjátlaðist mjer og er vonandi, að mjer hafi skjátlast mikið.

Það er nógu skrtin sagan af því, hvernig gullið fanst. Jeg var ekki hjer í Reykjavík þegar þetta bar til tíðinda, og segi jeg söguna eins og jeg hef heyrt hana; sje eitthvað mishermt er hægt að leiðrjetta það.

Ólafur Þórðarson járnsmiður, sem hafði til aðgerðar vatnsleitarborana, tekur einu sinni eftir því, að málmstryk eru á þeim. Sýnir hann þetta H. S. Hanson, fyrrum gullnema, og segir Hanson að gull muni vera. Varð þetta til þess að farið var að leita gulls og það fanst. En þó er mjer sagt, að ekki muni það gull hafa verið, sem rákirnar voru at á bornum, enda hefur gull ekki fundist fyr en talsvert dýpra. En sje svo, þá hefur það verið villa, sem leiddi til þess að gullið fanst. Er þetta ekki sagt til að hafa neitt af Ólafi eða Hanson, og er ekki nema skylt að taka það fram, að án Hansons hefði að öllum líkindum aldrei fundist þarna gull. Það mun líka vera alveg rjett, sem víða var tekið fram, um það leyti, sem gullsagan kom upp, að jarðfræðingar yrðu sjaldan til að finna gull. En

ástæðan er ekki sú, að jarðfræðingar sjeu að jafnaði heimskari en aðrir menn. Gull var farið að nota löngu áður en ritaðar sögur hetjast; það eru 10000 ár, eða hver veit hvað, síðan menn fundu það fyrst. En fyrir 200 árum var engin jarðfræði til og engir jarðfræðingar. Gullið er vanalega búið að finna, áður en jarðfræðingar koma til sögunnar. Enginn er svo eftirtektarlaus, að hann reki ekki augun í gullmola eða gullsand, ef slíkt verður á leið hans. En öðru máli er auðvitað að gegna, ef gullið sjest ekki með berum augum.

Jeg hef ennþá litla trú á því, að Ísland muni reynast mjög gullauðugt land; er sú trú að miklu leyti sprottin af því, að menn hafa ekki fundið gull hjer á landi í þúsund ár; síður af jarðfræðisástæðum. En það sem finst er líklegt að verði arnaðhvort saman við eldstein (brennisteinskís) eða þá í svo smáum ögnum í berginu, að ekki verði sjeð með berum augum.

Fyrir löngu fann Eggert Ólafsson dálitið at silfri og kopar í íslensku grjóti, og nú á síðustu árum hefur Björn Kristjánsson kaupmaður af miklum áhuga lagt stund á þessháttar rannsóknir. Hefur Björn fundið hjer bæði þessa málma sem jeg nefndi og ýmsa aðra. En hvergi nema mjög lítið ennþá.

Lesandinn er nú líklega farinn að halda, að yfir gullinu sje jeg búinn gleyma lofordi mínu um, að finna Oddi eitthvað til málsbóta. En svo er ekki, og þarf ekki langrar leitar til að finna þá afsökun fyrir hann, sem vonandi er að dugi.

Það var alveg rjett af Oddi að kenna sig við eitthvað, sem er eldra en uppgötvun púðursins. Það var lofsverð hæverska af honum að kalla sig ekki Púður-Odd, því að það er ekkert púður í ritsmíðum hans. Hitt var aftur miður heppilegt, að vera að kenna sig við ör. Örvar hafa það að vísu til að hitta ekki, en þær fljúga þó. Og flug er ekki í ritsmíðum Odds.

Jeg skal nú hjálpa Oddi um það, hvaða verkfæri hann á að kenna sig við. Kúbein heitir það. Kúbeins-Odd á hann að kalla sig. Það væri fyndið og þar að auki dönskusetta. En Oddi hættir mjög við að sletta dönsku þegar hann er fyndinn — svo að jeg komist nú góðlátlega að orði.

Og svo aðalatriðið; þetta mundi minna á, hvað það er, sem Oddur verður að hafa sjer til afsökunar, en það er klaufaskapur í rithætti. Svo fáránlega sem Oddur kemst að orði um vísindin, þá hefur hann þó líklega ekki ætlað sjer að segja annað en það, sem alveg er satt: að vís-

indamenn athugi stundum rangt, en alykti skakt. Það er ótrúlegt, hvað honum hefur getað tekist að komast klaufalega að orði, það verður ekki rangt, nærri því eins og hann hefði ritað með kúbeini eða einhverju ámóta lipru verkfæri, en lipurð hugsunarinnar verið ritfærinu samboðin. Er honum því vorkunn, og meiri áherslu ber að leggja á fíflskuna en dirfskuna í þessari árás hans á vísindin.

Mjer þætti leitt, ef það sem nú var sagt gæti orðið til þess, að fæla Odd frá ritstörfum. Hann hefur auðsjáanlega svo gaman af ritsnild sinni sjálfur, og væri synd að hafa þá á nægju af honum. En það er nú raunar ekki svo hætt við þessu, því fer nú betur. Allmargir lesendur finna lítinn mun á því, hvort vel er eða illa ritað; þykir jafnvel viðfeldnara það, sem ekki er vel ritað. Oddur og jafningjar hans að ritsnild eiga sjer nú mikið traust, þar sem slíkir lesendur eru, og er því engin ástæða fyrir þá til að láta hugfallast.

Helgi Pjetursson.

Lögrietta 1908 s2